



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Íþróttir – 3. bekkur

Leikfimi er kennd einn tíma í viku hjá 5 ára og þrjá tíma í viku hjá 6 - 9 ára. Kennsluaðferðir koma til móts við þarfir nemenda sem eru að vaxa úr grasi á viðkvæmu en breytilegu vaxtarskeiði. Til að slíkt megi takast skal sérstaklega hugað að líkamlegri virkni hvers og eins í kennslutímum. Verklegir tímar skulu því skipulagðir þannig að hver nemandi sé virkur í verkefnum við hæfni.

Matsviðmið

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Hlaupið fjóra hringi í kringum Ísaksskóla.

Gengið eftir línu sem er í leikfimissalnum.

Framkvæmt flóknari æfingar sem reyna á samhæfingu s.s. að hoppa yfir hestinn, klifra upp og niður rimlana ákveðið oft, leysa þrautabraut sem reynir á lipurð og samhæfingu.

Framkvæmt boltaprautir sem reyna á nákvæmni eins og t.d. að hitta bolta ofan í kórflu/fötu.

Kastað og gripið bolta.

Drippað bolta fram og til baka ákveðna vegalengd.

Félagslegir þættir

Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum

Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum

Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Matsviðmiðin eru metin með símati og einnig er metin virkni nemanda í tímum.